

Mál nr. 263/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/forsjármannstryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu, fyrningu og krafa um frávísun.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.06. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.07. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ágreiningur er um hvort krafa M sé fyrnd.

Vátryggingafélagið telur kröfu M fyrnda sbr. ákvæði skilmála og 29. gr. eldri laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Félagið gerir kröfu um frávísun máls þessa með vísan til þess að í bréfi félagsins til M, dags. 04.07. 2009, var gefinn ársfrestur til að leggja málið fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum eða stefna því fyrir dómstóla innan árs frá höfnunarbréfi félagsins sbr. ákvæði 2. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Sá ársfrestur er liðinn að áliti félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Nefndin fellst ekki á kröfu vátryggingafélagsins um frávísun máls. Um afgreiðslu máls þessa gilda ákvæði eldri laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Krafa M á hendur félaginu er ekki fyrnd. Sá 4 ára fyrningarfrestur sem um ræðir, í 29. gr. nefndra laga um vátryggingarsamninga, byrjaði ekki að líða fyrir en árinu 2009. Hafði M fyrir þann tíma ekki fengið niðurstöðu sérfræðings á tjóni sínu eða heildstætt mat á afleiðingum þess og ekki er við M að sakast hversu langan tíma hefur tekið að leggja mat á afleiðingar slyssins sem um ræðir. Af 1. mgr. 30. gr. nefndra laga leiðir að ekki er heimilt að semja um skemmri fyrningarfresti en kveðið er á um í 29. gr. Því getur 6 mánaða almennur fyrningarfrestur í skilmálum félagsins ekki komið til álita í máli þessu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 2. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.